

Reykjavík, 25.08 2026

Efni: Álit sveitarstjórna á vindorkuhugmyndum sem er til umfjöllunar í 6. áfanga rammaáætlunar

Góðan dag,

Faghópur 3 í rammaáætlun hefur það hlutverk að meta hvaða áhrif virkjunarhugmyndir lagðar fram af framkvæmdaaðilum geta haft á nærsamfélag áformaðrar virkjunar. Verkefnastjórn rammaáætlunar hefur verið falið að ljúka mati á sjö virkjunarhugmyndum sem hafa verið til mats í fyrri áföngum og allar settar í biðflokk í 5. áfanga.

Við matið á m.a. að fara eftir nýjum lögum sem samþykkt voru á Alþingi 19. júní á þessu ári, sem snúa sérstaklega að vindorkuverum í rammaáætlun ([sjá lögin hér](#)).

Í 5. grein laganna eru ýmis atriði sem snúa að samfélagsáhrifum virkjana og áforma um virkjun á ákveðnum stað. Þar er m.a. tekið fram að horfa eigi til þess hvort „viðkomandi sveitarfélag hafi lýst yfir formlegri afstöðu til virkjunarhugmyndar og hvaða sjónarmið liggja til grundvallar; jafnframt skal litið til umsagna nálægra sveitarfélaga hafi virkjunarhugmynd áhrif á hagsmuni þeirra.“. Einnig er nefnt að meta eigi hvort að virkjunarhugmyndin efli raforkuöryggi og hver áhrifin yrðu mögulega á atvinnu- og byggðapróun, auk áhrifa á „íbúa nærumhverfis“.

Samkvæmt drögum að frumvarpi um rýmiseignir er áhrifasvæði vindorkuvera skilgreint sem 30 km og því myndi Skeiða- og Gnúpverjahreppur augljóslega lenda innan þeirra marka frá virkjunarhugmyndinni Hrótmúlavirkjun, sem yrði með staðsetningu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Til nánari útskýringar á því hvaða atriði gætu fallið undir áhrif í nærsamfélagi hefur faghópur 3 lagt nokkur atriði eða viðföng til grundvallar sínu mati og eru þau eftirfarandi:

1. Samheldni samfélags (umfang og gæði kynningar og samráðs, líkur á deilum vegna ólíkra hagsmuna o.fl.)
2. Orkuöryggi og jafnt aðgengi að orku (geta orkuflutningskerfis o.þ.h.)
3. Efnahagslegur ávinningur nærsamfélags (fasteignaskattar, áætluð störf við uppbyggingu og rekstur, tækifæri til atvinnusköpunar í annarri starfsemi o.fl.)
4. Innviðauppbýgging (bættar samgöngur og aðrir innviðir sem geta nýst samfélaginu, tækifæri sem leiða af bættum innviðum/auknum samskiptum)
5. Tækifæri vegna verndunar svæðis (t.d. störf og önnur umsvif ef um er að ræða verndað svæði)
6. Skynrænt áreiti (sýnileiki, hávaði og skuggaflökt)

Ljóst er að það getur verið um mörg álitamál fyrir sveitarfélagið, íbúa þess og fyrirtæki að ræða og því er aðeins verið að óska eftir almennri umsögn um málið. Þá er einnig ljóst að boðaðar breytingar á lagaumhverfi s.s. á gjaldtöku af orkuvinnslu, sbr. drög að frumvarpi um rýmiseignir geta breytt forsendum umtalsvert hvað varðar einkum lið 3 hér að ofan en óvissa er um útfærsluna og umfang breytinga. Æskilegt væri að umsögnin verði rædd á fundi sveitarstjórnar þannig að ólík sjónarmið, ef þau eru uppi, komi fram.

Þar sem faghópar og verkefnisstjórn vinna innan nokkuð þröngs tímaramma væntum við svara fyrir 18. september til að geta nýtt inn í mat okkar á vindorkuhugmyndinni.

Frekari upplýsingar má m.a. finna í niðurstöðum faghóps 3 og verkefnisstjórnar í 5. áfanga þegar umrædd virkjun var sett í biðflokk. Sjá [hér](#) og [hér](#)

F.H. faghóps 3

Birgir Guðmundsson, formaður.

birgir@unak.is

